

Fagráð í hrossarækt

96. fundur

Staður og stund: Zoom fundur, þriðjudaginn 22. Desember 2020 kl. 09:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Erlendur Árnason, Gunnar Kristinn Eiríksson, Hulda Gústafsdóttir og Elsa Albertsdóttir. Ingunn Reynisdóttir gat ekki mætt

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Umsóknir í Stofnverndarsjóð.
3. Sýningaráætlun 2021
4. Kynbótamat – viðmið heiðursverðlaunahryssna
5. Útreikningur á tilnefndum ræktunarbúum
 - Aldursleiðréttingar hrossa og viðbættur fjöldi v/afkvæmahryssna
6. Mat á skapgerð stóðhesta

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Stofnverndarsjóður

Farið var yfir stöðu sjóðsins og greiddum styrkjum samþykktum fyrr á árinu skv. yfirliti frá Gylfa Þór Orrasyni. Þar kemur fram að búið er að greiða 3.5 mkr af framlögum sem samþykkt hafa verið á árinu 2020, þ.e. 2 mkr. v/Horseday og 1.5 mkr v/Landsmóts myndefnis. Bæði verkefni hafa sent inn framvinduskýrslur sínar eins og kemur hér að neðan. Fyrir fundinn voru ógreiddar 2.5 mkr. af framlögum frá samþykktum styrkjum júníúthlutunar Stofnverndarsjóðs vegna verkefnis Heiðrúnar Sigurðardóttur. Samþykkt var að greiða út þennan styrk enda framvinda verkefnisins á góðri leið samkvæmt innsendri framvinduskýrslu.

Eftirfarandi framvinduskýrslur voru teknar fyrir á fundinum:

- i) Könnun á erfðafræðilegum þáttum sem hafa áhrif á ganghæfni íslenskra hrossa – Heiðrún Sigurðardóttir.
- ii) Horseday, app og vefforrit til nota fyrir eigendur íslenskra hesta – MOM ehf..
- iii) Kaup á myndefni frá kynbótasýningum 2020 – Landsmót ehf. Samkvæmt samantekt skiluðu 167 upptökur sér af 170 sem samið var um en 3 upptökur glötuðust. Þær upptökur eru nú komnar inn í WorldFeng.

Fagráði barst framvinduskýrsla frá Litfarahópnum sem hlaut styrk í desember 2018. Komin er niðurstaða í rannsóknina og er IS2016186755 Litfari frá Árbæjarhjáleigu ekki arfhreinn fyrir litförótta erfðapættinum.

Auglýst var eftir umsóknum til stofnverndarsjóðs í haust en alls eru um 6 milljónir króna til úthlutunar. Eftirfarandi sjö umsóknir bárust sjóðnum og fjallaði Fagrád í hrossarékt um þær.

1. Æviskeið – starfssaga Þorkels Bjarnasonar - Eiðfaxi ehf.

Sótt um: kr. 1.000.000 ISK

Samþykkt: 1.000.000 ISK

Álit Fagráðs er að æviskeið og starfssaga Þorkels Bjarnason er vert verkefni að styðja og stór þáttur í sögu ræktunar á íslenska hestinum. Þá er verkefnið komið langt á veg sem styður það að veita styrk þannig að verkið komist á endamark.

2. Faraldsfræðileg könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum - Dr. Susanne Braun, Höskuldur Jensson og Guðríður Eva Þórarinsdóttir

Sótt um: 4.375.000 ISK

Samþykkt: 2.000.000 ISK

Fagrád telur umsóknina áhugaverða og samþykkti að styrkja verkefnið að upphæð 2.000.000 ISK. Rannsóknin miðar að því að kanna tvo helstu kynsjúkdóma sem berast milli hrossa við fyljun og/eða sæðingar og sem hafa áhrif á flutning hrossa milli landa. Annar sjúkdómurinn sem umræðir, smitandi slagæðabólga (EVA) er þegar undir eftirliti og skimun Matvælastofnunar m.a. til að fá góða sjúkdómastöðu í íslenska hrossastofninum viðurkennda hjá OIE og liðka þannig fyrir útflutningi hrossa. Hinn sjúkdómurinn, er bakteríusýking sem veldur smitandi legbólgu í hryssum (CEM). Þessi sjúkdómur hefur ekki komið upp í íslenska hrossastofninum svo vitað sé skv. rannsóknum gerðum 1998 og 2008.

Í umfjöllun Fagráðs um rannsóknina var ákveðið að styrkja verkefnið um 2.000.000 ISK. Ástæða styrkveitingar er mikilvægi þess að kanna frekar stöðuna sér í lagi varðandi CEM enda fyrri rannsóknir komnar til ára sinna. CEM hefur komið ítrekað upp á meginlandinu og valdið þar búsjúkdóm og fjárhagslegu tjóni. Telur Fagrád það mikilvægt að staða CEM sé rækilega skoðuð og sýnt fram á vonandi góða sjúkdómastöðu í hrossastofninum á Íslandi og þar með draga úr mögulega neikvæðum áhrifum á útflutning ræktunarhrossa og sæðis.

3. Tíðni magasára í hrossum á Íslandi - Undína Ýr Þorgrímsdóttir, Nanna Luthersson, Patricia Harris og Tim Parkin

Sótt um: 3.500.000 ISK

Samþykkt: 1.500.000 ISK

Fagrád í hrossarékt samþykkir að styrkja verkefnið að upphæð 1.500.000 ISK með þeim fyrirvara að verkefnið miðist að því að kanna tíðni magasára hjá íslenskum hrossum en ekki að tækjakaupum. Það er hlutverk Fagráðs að styrkja áhugaverð þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarékt en ekki beinlínis til tækjakaupa. Forsenda styrks er enn fremur að niðurstöður verkefnisins verði birtar opinberlega.

4. Varðveisla Kolkuóssstofnsins - Orri Arnarson og Fríða Hansen

Sótt um: 1.319.323 eða 825.891 ISK

- Hafnað
5. Ræktun þrek og þolhrossa -Daníel Guðmundsson
Sótt um: óvíst
Hafnað
 6. Endurgreiðsla sýningargjalda fyrir Litbrá frá Langhúsum - Þorlákur Sigurbjörnsson og Arnþrúður Heimisdóttir
Sótt um: 40.645 ISK
Samþykkt: 22.984 ISK
Fagráð í hrossarækt samþykkir að borga skráningar- og sýningargjöld fyrir einn fullnaðardóm sem hryssan IS2013258035 Litbrá frá Langhúsum fór í á árinu 2020 að upphæð 22.984 ISK.
 7. HorseDay - MOM ehf
Sótt um: 4.000.000 ISK
Samþykkt: 2.000.000 ISK

Tekið var til umfjöllunar umsóknareyðublað fyrir styrksumsóknir. Slík eyðublöð staðla umsóknir og auðvelda alla yfirferð Fagráðs. Það hafa verið gerð drög að umsóknareyðublaði fyrir styrksumsóknir með sér skjali fyrir fjárhagsáætlun. Drögin eru í samræmi við umsóknareyðublöð fyrir Framleiðnisjóð Landbúnaðarins. Það þyrfti að halda áfram með þessa vinnu.

Fjallað var um fyrningartíma samþykkttra umsókna. Dragist framkvæmd samþykkttra verkefna mikið getur verið erfitt að átt sig á hversu há upphæð er til úthlutunar hverju sinni úr Stofnverndarsjóði. Það er því umhugsunarvert hvort ætti að setja fyrningartíma á samþykktar umsókna dragist framkvæmd óeðlilega mikið. Þá er spurning hver sá fyrningartími ætti að vera, yrði slíkt tekið upp. Verkefni geta eðlilega dregist í framkvæmd. Þá er spurning hvort að samþykktur styrkur félli þá niður og fæti veitt á endurumsókn. Engin endanleg ákvörðun var tekin að sinni en stefnt er að því að leggja tillögu að settum fyrningartíma fyrir Fagráð í hrossarækt við fyrsta tækifæri.

3. Elsa lagði fram sýningaráætlun fyrir árið 2021 sem var samþykkt. Sýningaráætlunin er með hefðbundnu sniði og fyrri ár. Dregið er úr framboði maísýninga enda hefur aðsókn í þær verið nokkuð dræm. Þá var ákveðið að bjóða upp á vorsýningu í Borgarnesi enda stefna Vestlendingar á fjórðungsmót í byrjun júlí. Norðlendingar óskuðu eftir því að fá vorsýningu á Akureyri milli vorsýningavikna á Hólum og er gert ráð fyrir því í sýningaráætlun. Þá var aukið framboð á miðsumarssýningum enda hefur verið mikil aðsókn og skráning á þær sýningar undanfarin ár milli Landsmótsára, sér í lagi á Hellu.

| Staðsetning | Upphafsdagur | Lokadagur / yfirlit |
|---------------|--------------|---------------------|
| Hafnarfjörður | 25.5 | 28.5 |
| Sprettur | 31.5 | 4.6 |
| Hella I | 31.5 | 4.6 |

| | | |
|-------------------------|------|------|
| Hólar I | 31.5 | 4.6 |
| Fljótsdalshérað | 3.6 | 4.6 |
| Hafnarfjörður II | 7.6 | 11.6 |
| Hella II | 7.6 | 11.6 |
| Akureyri | 7.6 | 11.6 |
| Borgarnes | 7.6 | 11.6 |
| Hafnarfjörður III | 14.6 | 18.6 |
| Hella III | 14.6 | 18.6 |
| Hólar II | 14.6 | 18.6 |
| Fjórðungsmót Vesturland | 8.7 | 11.7 |
| Miðs. Hella | 12.6 | 16.6 |
| Miðs. Hella | 19.7 | 23.7 |
| Miðs. Hólar | 19.7 | 23.7 |
| Síðs. Hafnarfjörður | 16.8 | 20.8 |
| Síðs. Hella | 16.8 | 20.8 |
| Síðs. Hólar | 16.8 | 20.8 |

4. Farið var yfir viðmið afkvæmahryssna til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi en núverandi mörk miðast við 116 stig og 5 dæmd afkvæmi. Í ár var ótrúlegur fjöldi hryssna sem náði þessum eða 31 talsins, þar af voru 6 verðlaunaðar á grundvelli kynbótamats aðaleinkunnar án skeiðs. Ástæða aukins fjölda eru breyttir útreikningar á kynbótamatinu þar sem tilkoma nýs mætingareiginleika skýrir mögulega stærsta hlutann. Breyttir útreikningar leiðréttu kynbótamatið og líklegt má telja að ekki verði sami fjöldi verðlaunaður á næsta ári. Mætingareiginleikinn gerir það að verkum að kynbótagildi hryssunnar mótast enn meira nú en áður af dæmdum afkvæmum og það með góð og gild leiðrétting. Viss aukning í fjölda afkvæmahrossa er sökum þess að í ár eru afkvæmahross einnig verðlaunuð á grundvelli aðaleinkunnar án skeiðs sem annars næðu ekki stigaviðmiðum kynbótamats fyrir aðaleinkunn. Það er því spurning hvort tilefni sé að endurskoða viðmið heiðursverðlaunahryssna að stigum til jafns við afkvæmahesta þ.e. að hækka viðmiðmið við 118 stig en fjöld afkvæma væri sá hinn sami eða 5 dæmd afkvæmi. Það yrði þá gerð aukakeyrsla á kynbótamati eftir vorsýningar eða miðsumarssýningar og kannaður sá fjöldi hryssna sem næðu afkvæmaverðlaunum miðað við 116 stig og 118 stig og ákvörðun tekin um breytt viðmið í kjölfarið.

5. Ræktunarbú

Rætt var um breytingar á útreikningi ræktunarbúa að þeirri forsendu gefinni að mörk til heiðursverðlauna hryssna verði hækkuð í 118 stig. Með hækkun á mörkum til heiðursverðlauna er það gert erfiðara að ná í þau viðmið. Eitt mikilvægasta atriði í ræktun er að fá fram góða ræktunarhryssu og ætti það að endurspeglast í hvernig við metum það til viðurkenningar á tilnefndum ræktunarbúum. Rætt var um viðbættur fjöldi sýndra hrossa fyrir hverja heiðursverðlaunahryssu ræktunarbús yrði þá hækkað úr +1 í +2 eða +3 og þar með sá árangur að fá fram heiðursverðlaunahryssu ríkulegar viðurkenndur.

Enn fremur var rætt um aldursleiðréttingu aðaleinkunnar og hvernig hún hefur áhrif á útreikning ræktunarbúa. Í dag er aldursleiðréttingin (hestar: +0.30 4v; +0.15 5v; +0.07 6v. | hryssur +0,20 4v; +0,10 5v; +0.05 6v). Tilgangur aldursleiðréttingar er að gera hross samanburðarhæf. Viðmiðin miðast við svokölluð BLUE stig sem er mat á föstu hrifum sem í dag eru annars vegar samhrif lands og árs sýningar og hins vegar samhrif kyns og aldurs hrossa við kynbótadóm. BLUE stig eru metin samtímis og kynbótamatið (BLUP) og er því leiðrétt samtímis við keyrslu kynbótamats. Aðaleinkunn er hins vegar fyrirfram leiðrétt með áðurtilgreindum stigum. Samkvæmt núverandi mati er leiðréttingin meiri fyrir hesta en hryssur innan tiltekins aldurs. Það þyrfti að endurskoða aldursleiðréttinguna og kanna hvort grundvöllur sé til að breyta henni.

6. Mat á skapgerð stóðhesta

Fagráð í hrossarækt tók málið til umfjöllunar og verður erindinu svarað innan skamms.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 13:30

Við pennann: Elsa Albertsdóttir